

Miðvikudaginn 10. júní 1998.

Nr. 231/1998.

Guðmundur Reykjalín
Haraldur Jóhannsson og
Jóhannes Jónsson

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

Almari Grímssyni

Bessa Gíslasyni

Miðey ehf. og

Þór Sigþórssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna. Aðild. Einkahlutafélög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 13. maí 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 2. júní sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. apríl 1998, þar sem hafnað var beiðni sóknaraðila um dómkvaðningu matsmanna. Kæruheimild er í f-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðilar krefjast þess, að lagt verði fyrir héraðsdómara að dómkveðja matsmenn í samræmi við kröfur þeirra. Þá krefjast sóknaraðilar einnig málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur og sóknaraðilum gert að greiða þeim kærumálskostnað.

I.

Kröfur sóknaraðila beinast að því, að dómkvaddir verði tveir menn til að meta hæfilegt kaupverð á hlut í Lyfjabúðum ehf., að nafnverði 4.800.000 krónur, sem hafi verið í eigu varnaraðilans Almars Grímssonar. Svo sem ýtarlega er rakið í úrskurði héraðsdómara, tilkynnti þessi varnaraðili framkvæmdastjóra Lyfjabúða ehf., sóknaraðilanum Guðmundi Reykjalín, í bréfi 21. ágúst 1997, að hann hefði stofnað ásamt eiginkonu sinni Miðey ehf., sem ætti að annast umsýslu með hlutafjäreign hans í fyrrnefnda félaginu. Óskaði varnaraðilinn eftir því, að hlutafjäreign sín yrði þannig skráð á

nafn Miðeyjar ehf. Sóknaraðilinn Guðmundur ritaði á tilkynninguna, að hlutfjáreignin væri skráð á nafn þess félags í bókum Lyfjabúðar ehf. Ný stjórn var kjörin í Lyfjabúðum ehf. á hluthafafundi 21. nóvember 1997. Á fundi stjórnarinnar sama dag mun hún hafa ályktað, að hún liti svo á með vísan til 7. gr. samþykktu félagsins, að hér hefði verið um að ræða eigendaskipti á hlut varnaraðilans. Hefði stjórnin ákveðið, að félagið nýtti sér ekki forkaupsrétt að hlut varnaraðilans, en hún hefði hins vegar tilkynnt hluthöfum um forkaupsrétt þeirra samkvæmt fyrrnefndu ákvæði félagssamþykktu. Með bréfum sama dag tilkynntu sóknaraðilar varnaraðilanum, að þeir vildu nýta sér forkaupsrétt sinn. Deila hefur síðan staðið um, hvort forkaupsréttur hafi með réttu orðið virkur vegna fyrrgreindra atvika. Í beiðni um dómkvaðningu matsmanna vísa sóknaraðilar til þess, að varnaraðilinn hafi ekki fengist til að upplýsa, við hvaða verði hann hafi selt Miðey ehf. hlut sinn í Lyfjabúðum ehf., og hann hafi ekki heldur viljað taka við greiðslu fyrir hlut sinn, sem sóknaraðilar hafi sent sér, og miðað við nafnverð hlutans. Hafi sóknaraðilar því geymslugreitt þá fjárhæð.

Í úrskurði héraðsdómara eru raktar málsástæður aðila.

II.

Í beiðni sóknaraðila um dómkvaðningu matsmanna segir ekki berum orðum, hvern eða hverja aðra þeir telji eiga hagsmuna að gæta af umbedinni matsgerð. Í greinargerð, sem sóknaraðilar lögðu fram 31. mars 1998 að fram komnum mótmælum gegn dómkvaðningu, sýnast þeir hins vegar telja beiðni sína beinast að varnaraðilanum Almari Grímssyni svo og varnaraðilanum Bessa Gíslasyni, sem er meðal hluthafa í Lyfjabúðum ehf. Í greinargerð, sem varnaraðilar lögðu fram í héraði 1. apríl 1998, telja þeir í sínum hópi Miðey ehf. og Þór Sigþórsson auk þeirra Almars og Bessa. Í hinum kærða úrskurði eru raktar röksemdir, sem varnaraðilar færðu fram í greinargerð sinni fyrir meðalgöngu Miðeyjar ehf. og Þórs Sigþórssonar, sem svo var nefnd þar.

Samkvæmt almennum reglum var það sóknaraðila sem matsbeiðenda að ákveða, hverjir yrðu taldir til aðila, vegna beiðni þeirra um dómkvaðningu matsmanna, sbr. 2. mgr. 78. gr. laga nr. 91/1991. Sóknaraðilar hafa ekki í þeim efnum getið Miðeyjar ehf. eða Þórs

Sigþórssonar. Ekki er á valdi þessara síðastnefndu varnaraðila að gerast gegn andmælum sóknaraðila aðilar að deilu um dómkvaðningu samkvæmt beiðni þeirra, hvorki samkvæmt 20. gr. laga nr. 91/1991 né öðrum ákvæðum laga. Í því sambandi verður að líta til þess, að matsgerð hefði ekki sönnunargildi gagnvart öðrum en þeim, sem að tilhlutan matsbeiðanda ættu þar aðild að máli. Skortir samkvæmt þessu heimild handa Miðey ehf. og Þór Sigþórssyni til að gerast með meðalgöngu aðilar að deilu um kröfu sóknaraðila um dómkvaðningu matsmanna. Verður því kröfum þessara varnaraðila vís- að sjálfkrafa frá héraðsdómi, en rétt þykir, að málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður falli niður, hvað þá varðar.

III.

Sóknaraðilar leita matsgerðar til að fá ákveðið verð hlutar varnaraðilans Almars Grímssonar í Lyfjabúðum ehf. vegna forkaupsréttar, sem þeir telja sig mega neyta að hlutnum. Heimild til að leita mats í því skyni er að finna í 4. mgr. 14. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög svo og efnislega samhljóða ákvæði í 7. gr. samþykktu félagsins. Matsgerð samkvæmt tilvitnuðu lagaákvæði hefur bindandi áhrif um verð hlutar í einkahlutafélagi, ef fyrri eigandi hans fær henni ekki hnekk með málshöfðun innan tiltekins frests, frá því að mati er lokið. Hefur slík matsgerð að þessu leyti ólíkt viðtækari áhrif að lögum en matsgerð, sem er aflað til sönnunar eftir almennum reglum laga nr. 91/1991. Verður að fallast á með varnaraðilum, að matsgerð, sem sóknaraðilar leita eftir, legði af þessum sökum slíka kvöð á varnaraðila, að óviðunandi sé, að þeim verði gert að hlíta framgangi hennar, á meðan enn er óútkljáð, hvort forkaupsréttur hafi í reynd orðið virkur. Verður því að skýra ákvæði 4. mgr. 14. gr. laga nr. 138/1994 þannig, að matsmenn verði ekki dómkvaddir í því skyni, sem þar greinir, nema sýnt sé, að matsbeiðandi eigi rétt á að neyta forkaupsréttar.

Sóknaraðilar hafa öðrum þræði skírskotað til 1. mgr. 77. gr. laga nr. 91/1991 sem stoð fyrir heimild sinni til að leita dómkvaðningar matsmanns. Í málátilbúnaði sóknaraðila er þó hvergi skýrt með viðhlítandi hætti, hvers vegna þeim sé þörf á matsgerð vegna hugsanlegs dómsmáls á hendur varnaraðilum, hvaða kröfu í slíku máli ætti að staðreyna með mati eða hvaða atvik að baki kröfu ætti að sanna

með því. Verður í þessu sambandi að líta til þess, að umbeðinnar matsgerðar væri ekki þörf vegna hugsanlegrar málshöfðunar sóknaraðila til viðurkenningar á forkaupsrétti að hlut varnaraðilans Almars Grímssonar í Lyfjabúðum ehf. Eins og mál þetta liggur fyrir, verður af þessum sökum ekki fallist á, að fullnægt sé skilyrðum XII. kafla laga nr. 91/1991 til dómkvaðningar matsmanns.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, verður staðfest niðurstaða hins kærða úrskurðar um, að hafnað verði kröfu sóknaraðila um dómkvaðningu matsmanna. Sóknaraðilar verða dæmdir til að greiða varnaraðilunum Almari Grímssyni og Bessa Gíslasyni málskostnað í héraði og kærumálskostnað, sem er ákveðinn í einu lagi handa hvorum þeirra fyrir sig, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Kröfum varnaraðilanna Miðeyjar ehf. og Pórs Sigþórssonar er vísað frá héraðsdómi. Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður, hvað þá varðar.

Kröfu sóknaraðila, Guðmundar Reykjalín, Haralds Jóhannssonar og Jóhannesar Jónssonar, um dómkvaðningu matsmanna er hafnað.

Sóknaraðilar greiði í sameiningu varnaraðilunum Almari Grímssyni og Bessa Gíslasyni, hvorum um sig, samtals 60.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. apríl 1998.

I.

Ár 1998, miðvikudag 29. apríl, er dómping Héraðsdóms Reykjavíkur háð í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni, settum héraðsdómara. Fyrir er tekið mál nr. M-8/1998, þingfest 25. mars sl. og tekið til úrskurðar 15. apríl sl., og kveðinn upp í því úrskurður þessi.

Matsbeiðendur, Guðmundur Reykjalín, kt. 141152-7699, Miðbraut 36, Seltjarnarnesi, Haraldur Jóhannsson, kt. 080454-3099, Neströð 7, Seltjarnarnesi, og Jóhannes Jónsson, kt. 310840-3009, Barðaströnd 9, Seltjarnarnesi, gera þær dómkröfur, að dómkvaddir verði tveir hæfir og óvilhallir menn til þess að meta hæfilegt kaupverð á hlutum, að nafnvirði 4.800.000 krónur, í Lyfjabúðum ehf., Tjarnargötu 4, Reykjavík, er voru í eigu Almars Grímssonar, kt. 160442-2049, Háahvammi 7, Hafnarfirði.

Þá krefjast þeir málskostnaðar samkvæmt mati dómsins.

Matspolar, Almar Grímsson, kt. 160442-2049, Háahvammi 7, Hafnarfirði, og Bessi Gíslason, kt. 060149-6589, Barmahlíð 7, Reykjavík, og matspolar fyrir meðalgöngu, Miðey ehf., kt. 610897-2589, Háahvammi 7, Hafnarfirði, og Þór Sigþórsson, kt. 050751-4579, Bollagörðum 9, Seltjarnarnesi, krefjast þess, að beiðni um dómkvaðningu matsmanna verði hafnað og vísað frá dómi.

Jafnframt krefjast þeir þess, að matsbeiðendum verði gert að greiða sér málskostnað samkvæmt mati dómsins.

II.

Með bréfi, dagsettu 20. febrúar 1998, fór Björgvin Þorsteinsson hrl. þess á leit f. h. matsbeiðenda, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til að meta hæfilegt kaupverð á hlutum, að nafnvirði 4.800.000 krónur, í Lyfjabúðum ehf., Tjarnargötu 4, Reykjavík, er voru í eigu matsþolans Almars Grímssonar.

Í beiðninni er gerð grein fyrir því, að einkahlutafélagið Lyfjabúðir hafi verið stofnað 26. júní 1996 og stofnhlutafé verið 9.500.000 krónur og skipst þannig milli stofnenda: Almar Grímsson 2.666.667 krónur, Bessi Gíslason 2.666.667 krónur, Guðmundur Reykjafín 2.666.667 krónur, Jóhannes Jónsson 1.000.000 króna og Haraldur Jóhannsson 500.000 krónur.

Árið 1997 hafi verið ákveðið að auka hlutafé félagsins í 20.000.000 króna, og hafi hlutafjäreignin eftir aukninguna skipst sem hér segir: Almar Grímsson 4.800.000 krónur, Bessi Gíslason 4.800.000 krónur, Guðmundur Reykjafín 4.800.000 krónur, Jóhannes Jónsson 3.600.000 krónur og Haraldur Jóhannsson 2.000.000 króna. Aukningarhlutirnir hafi verið greiddir til félagsins í ágústmánuði 1997.

21. ágúst 1997 hafi matsþolin Almar Grímsson sent Lyfjabúðum ehf. bréf og tilkynnt, að hann og eiginkona hans hefðu stofnað nýtt einkahlutafélag, Miðey ehf., og að það félag myndi framvegis annast umsýslu með hlutafjäreign þeirra í Lyfjabúðum ehf. Jafnframt hafi hann tilkynnt, að hann myndi greiða aukningarhluti sína fyrir hádegi daginn eftir, og óskað eftir, að hlutafjäreign sín frá stofnun yrði skráð á Miðey ehf. Almar Grímsson, sem verið hafi stjórnarformaður Lyfjabúða ehf. á þessum tíma, hafi hins vegar ekki séð ástæðu til að taka erindið fyrir á fundi og bjóða félaginu og öðrum hluthöfum forkaupsrétt að hlutunum.

21. nóvember 1997 hafi ný stjórn verið kjörin í Lyfjabúðum ehf. Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar hafi verið lagt fram bréf Almars Grímssonar frá 21. ágúst 1997 og stjórn félagsins ákveðið, að hún myndi ekki neyta forkaupsréttar að hlutunum fyrir hönd félagsins. Hins vegar hafi verið ákveðið

í samræmi við samþykktir félagsins að bjóða hluthöfum forkaupsrétt í hlutfalli við hlutafjäreign. Matsbeiðendur, þ. e. Guðmundur, Jóhannes og Haraldur, hafi ákveðið að neyta forkaupsréttar, en hluthafinn Bessi Gíslason aftur á móti lýst yfir því, að hann vildi neyta forkaupsréttar, væri um skilyrði hans að ræða. Matsbeiðendur hafi lýst yfir því, að þeir vildu kaupa þann hlut, sem Bessi ætti rétt á að kaupa, nýtti hann sér ekki rétt sinn.

Komið hafi í ljós, að Almar Grímsson hafi talið, að forkaupsréttur annarra hluthafa hefði ekki orðið virkur við eignayfirfærsluna, og neitað viðtöku kaupverðs hlutanna. Stjórn félagsins hafði boðið forkaupsrétt á genginu 1,0, enda hefði hlutafé félagsins þá nýlega verið aukið og aukningarhlutir verið á nafnvirði, þrátt fyrir það að hluthafar hefðu ekki skráð sig fyrir aukningarhlutunum í hlutfalli við fyrri hlutafjäreign sína í félaginu. Er ljóst varð, að Almar vildi ekki taka við kaupverðinu, hefði það verið greitt með geymslugreiðslu í Búnaðarbanka Íslands.

Matspolinn Almar Grímsson hafi ekki upplýst, við hvaða verði hann hafi selt Miðey ehf. hlutafjäreign sína, og ekki heldur viljað taka við greiðslu fyrir hlutafjäreign sína, sem samsvarar því, að söluverð hvernar krónu af hlutafjäreign hans hafi verið 1,0, en kaupendur telji það vera rétt gengi.

Beiðni sinni til stuðnings vísuðu matsbeiðendur til 7. gr. samþykkta Lyfjabúða ehf. og 4. mgr. 14. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Við þingfestingu málsins mótmælti lögmaður matspola fram kominni beiðni og krafðist þess, að beiðni um dómkvaðningu matsmanna yrði hafnað og henni vísað frá dómi. Lét hann bóka, að krafa matspola væri reist á því, að til forkaupsréttar hefði ekki stofnast gagnvart þeim hlutum í Lyfjabúðum ehf., er meta ætti skv. matsbeiðni. Það væri hins vegar forsenda þess, að mat færi fram á grundvelli 7. gr. samþykkta Lyfjabúða ehf. og 4. mgr. 14. gr. laga nr. 138/1994.

Matspolar kveða aftur á móti Lyfjabúðir ehf. hafa verið stofnað 21. júlí 1996 og að upphaflegt hlutafé hafi skipst þannig: Almar Grímsson 2.000.000 króna, Bessi Gíslason 2.000.000 króna, Guðmundur Reykjalín 2.000.000 króna, Jóhannes Jónsson 1.000.000 króna, Haraldur Jóhannsson 500.000 krónur og aukahlutir í eigu Þórs Sigþórssonar 2.000.000 króna. Tílefni aukahlutanna hafi verið, að hluthafarnir Almar, Bessi, Guðmundur og Þór hafi gert með sér hluthafasamkomulag þess efnis, að hinir þrír fyrstnefndu væru skráðir fyrir hinum svonefndu aukahlutum, en Þór ætti þá og greiddi fyrir þá. Skyldu Almar, Bessi og Guðmundur fara með atkvæðisrétt fyrir þá hluti á hluthafafundum í umboði Þórs, en hvenær sem væri, skyldi Þór heimilt að fá hlutina færða yfir á sitt nafn, og teldist það ekki framsal hluta, sem sættu forkaupsrétti félags og hluthafa. Af þeim sökum hafi hlutafé

Pórs verið að þriðjungi skráð á hvern þeirra Almar, Bessa og Guðmund og hver um sig því í raun skráður fyrir hlutafé að fjárhæð 2.666.667 krónur. Við aukningu hlutafjár félagsins í 20.000.000 króna hafi sami háttur verið hafður á um hlutafé Pórs.

Pegar við og eftir stofnun félagsins hafi verið rætt um það meðal hluthafa innan og utan stjórnar, að þeim væri heimilt að færa hluti sína í félaginu yfir á einkafyrirtæki sín, og hafi Almar verið einn þeirra hluthafa, sem áhuga hafi haft á að nýta sér þessa heimild. Hafi hann ritað undir tillögu þess efnis 1. febrúar 1997, sem til hafi staðið að leggja fyrir hluthafafund. Hið sama hafi Jóhannes Jónsson gert 20. s. m. Í báðum tilvikum eru einkahlutafélag nafngreind. Aðrir hluthafar hafi undirritað tillöguna sama dag og Jóhannes. Tillagan hafi verið lögð fram á fundi þann dag og samþykkt að viðstöddum öllum matsbeiðendum.

Í samræmi við framangreint hafi stjórn Lyfjabúða ehf. staðfest einróma á fundi 15. ágúst 1997 ályktun þess efnis, að hluthöfum, sem skráð hafi hlut sinn í eigin nafni, væri heimilt að færa þá hluti yfir á einkafyrirtæki sín. Tæpri viku síðar hafi Almar tilkynnt, að hann og eiginkona sín hefðu stofnað einkahlutafélag, Miðey ehf., sem myndi annast umsýslu með hlutafjáreign þeirra í Lyfjabúðum ehf., jafnframt því sem hann hafi boðað greiðslu hlutafjárauðingaráðgjafarinnar eftir og óskað eftir, að hlutafjáreign sín frá stofnun Lyfjabúða ehf. yrði skráð á Miðey ehf. Í skriflegu svari, sem áritað hafi verið á framangreinda tilkynningu, hafi Guðmundur Reykjalín staðfest tilkynninguna með svofelldum hætti: „Hlutafjáreignin er skráð á ofangreint félag, sbr. bókun stjórnar Lyfjabúða frá 15. ágúst 1997.“

19. nóvember s. á. hafi Almar tilkynnt öðrum stjórnarmönnum, að hann hygðist segja af sér stjórnarstörfum á boðuðum hluthafafundi tveimur dögum síðar. Jafnframt hafi hann gefið Grími Sæmundsen umboð til að fara með hlut sinn í félaginu og gæta hagsmuna sinna í því. Á hluthafafundinum hafi með ólögætum hætti ekki einungis verið kosinn nýr stjórnarmaður í stað Almars, heldur ný stjórn í heild sinni, sem matsbeiðendur hafi skipað. Fundurinn hafi verið ólögætur vegna þess, að ekki hafi verið farið eftir löglegri hlutaskrá á honum og Þór Sigþórssyni gegn betri vitund hlutaðeigandi meinað að neyta atkvæðisréttar. Jafnframt hafi atkvæðisréttur Guðmundar Reykjalín verið aukinn ranglega og gegn betri vitund um 6%.

Hafi stjórn sú, sem matsbeiðendur fullyrði, að kjörin hafi verið á hluthafafundi þessum, bókað þá ákvörðun, að fyrrgreint bréf Almars teldist forkaupsréttartilboð og hlutafé hans, að fjárhæð 4.800.000 krónur, væri falt. Hafi matsbeiðendur boðið sjálfum sér og Bessa Gíslasyni þetta hlutafé á nafnverði og matsbeiðendur neytt forkaupsréttarins samdægurs með bréf-

um og greiðslum í formi tékka. Umboðsmaður Almars hafi mótmælt þessum gerningum með símskeytum til matsbeiðenda og félagsins 24. s. m., og hið sama hafi lögmaður matsþola gert með bréfum til hlutaðeigandi 5. desember sl. Tékkarnir hafi verið endursendir með bréfum, dagsettum 16. s. m., og afrit bréfanna send Lyfjabúðum ehf. sama dag. Matsbeiðendur hafi geymslugreitt kaupverðið 24. s. m. á reikning í Búnaðarbanka Íslands með eftirfarandi skýringu: „Greiðandi nýtir sér forkaupsrétt vegna sölu Almars Grímssonar á hlutum sínum í Lyfjabúðum ehf. til Miðeyjar ehf. Um er að ræða hluta af ónýttum rétti Bessa Gíslasonar. Viðtakandi greiðslu er Almar Grímsson.“

Með hraðskeyti 21. janúar 1998 hafi matsbeiðandinn Guðmundur Reykjalín tilkynnt Bessa Gíslasyni, að honum bæri að tilkynna stjórn Lyfjabúða ehf. í síðasta lagi sama dag, ef hann hefði í hyggju að neyta forkaupsréttar að hluta eða öllu leyti á þeim hlutum, sem matsbeiðendur höfðu boðið honum. Sama dag hafi Guðmundur tilkynnt Almari með hraðskeyti, að matsbeiðendur vildu neyta forkaupsréttar á þeim hlutum Almars, sem matsbeiðendur höfðu boðið Bessa að kaupa með forkaupsrétti.

Með hraðskeyti sama dag hafi lögmaður Bessa áréttað, að Bessi teldi, að honum hefði ekki verið boðinn með lögformlega réttum hætti forkaupsréttur að hlutum Almars Grímssonar í Lyfjabúðum ehf. Ef svo ólíklega vildi til, að forkaupsréttur teldist hafa stofnast, var lýst yfir því, að Bessi neytti forkaupsréttar að því hlutafé, sem í boði væri. Samkvæmt 7. gr. samþykktu Lyfjabúða ehf. hafi Bessi þrjá mánuði, frá því að kaup voru ákveðin, til að greiða kaupverðið.

Með bréfi lögmanns matsþola til lögmanns matsbeiðenda, dagsettu 26. janúar sl., hafi verið áréttað f. h. Almars Grímssonar, að hann teldi engan forkaupsrétt hafa stofnast gagnvart hlutafé sínu í Lyfjabúðum ehf., hvorki á nafnverði né öðru gengi.

Matsbeiðendur virðist samkvæmt framansögðu telja sig hafa keypt hlutafé Almars, sem þeir hafi boðið Bessa að kaupa með forkaupsrétti, þrátt fyrir það að Bessi hafi lýst yfir því 21. janúar 1998, að hann neytti forkaupsréttar að þessu hlutafé, ef talið yrði, að til forkaupsréttar hefði stofnast og þrátt fyrir það að frestur til að neyta hins ætlaða forkaupsréttar á umræddu hlutafé hefði runnið út 21. janúar 1998 samkvæmt ákvörðun matsbeiðenda sjálfra. Hefði sá frestur verið löngu liðinn 24. febrúar sl., en þá hefði Bessi enn notið þriggja mánaða frests skv. 7. gr. samþykktu Lyfjabúða ehf. til að greiða kaupverðið. Í matsbeiðni máls þessa, sem send hafi verið Héraðsdómi Reykjavíkur fjórum dögum áður, sé gert ráð fyrir, að Bessi ætti enn rétt til að nýta forkaupsréttinn, og tekið fram, að matsbeiðendur hafi „lýst

yfir því, að þeir vilji kaupa hlut, sem Bessi á rétt til að kaupa, nýti hann sér ekki sinn rétt“.

Ekki hafi matspolar fengið neinar skýringar frá matsbeiðendum á geymslugreiðslunum, t. a. m. útskýringar á skyndilegri afstöðubreytingu matsbeiðenda um rétt Bessa. Þá hafi matspolar ekki fengið að sjá útgáfu matsbeiðenda af hlutaskrá Lyfjabúða ehf.

III.

Af hálfu matsbeiðenda er því haldið fram, að þar sem sýnt þyki, að Almar Grímsson vilji hvorki una því, að matsbeiðendur neyti forkaupsréttar að hlutum hans í Lyfjabúðum ehf., né vilji hann una þeim greiðslum, sem matsbeiðendur hafi sent honum til greiðslu kaupverðs, telji þeir rétt, að mat fari fram á kaupverðinu í samræmi við ákvæði 4. mgr. 14. gr. laga nr. 138/1994 og 7. gr. samþykktu Lyfjabúða ehf. Í 7. gr. samþykktanna segi, að verði ágreiningur um verð hluta, skuli það ákveðið með mati tveggja óvillhallra manna, er dómkvaddir skuli til þess starfa. Ákvæði þetta sé í samræmi við 4. mgr. 14. gr. laga nr. 138/1994.

Matsbeiðendur telji sig eiga fullan rétt á að fá dómkvadda matsmenn til starfans. Þeir hafi engan áhuga á að greiða of lítið fyrir þá hluti, sem þeir telji sig hafa keypt, og vilji því fá mat á sanngjörnu verði þeirra.

Enda þótt matsþolinn Almar Grímsson telji, að forkaupsréttur hafi ekki stofnast, verði hann að þola, að dómkvaðning matsmanna fari fram. Hann geti á síðari stigum komið að mótmælum sínum um réttmæti beitingar forkaupsréttar, en hann hafi lýst yfir því, að hann muni höfða mál á hendur matsbeiðendum, m. a. til heimtu skaðabóta. Auk framangreindra lagaákvæða styðja matsbeiðendur kröfu sína við 77. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

IV.

Af hálfu matsþola er því fram haldið, að til forkaupsréttar hafi ekki stofnast gagnvart þeim hlutum í Lyfjabúðum ehf., sem meta eigi samkvæmt matsbeiðni. Það sé hins vegar forsenda þess, að mat fari fram á grundvelli 7. gr. samþykktu Lyfjabúða ehf. og 4. mgr. 14. gr. laga nr. 138/1994.

Málsástæður sínar reisa matspolar í fyrsta lagi á því, að ekki hafi stofnast til forkaupsréttar félagsins og hluthafanna, þar sem bæði hluthafar félagsins og félagið sjálft hefðu samþykkt, að yfirfærsla á hlutum Almars á eigið einkahlutafélag gæti farið fram, án þess að til forkaupsréttar stofnaðist, og þannig fyrir fram fallið frá forkaupsrétti sínum. Slíkt samþykki hafi falist í samþykki í undirritun hluthafa og samþykki hluthafafundar á fyrrgreindri tillögu 20. febrúar 1997, jafnframt í bókun stjórnar Lyfjabúða ehf. frá 15. ágúst 1997, enn fremur í áritun framkvæmdastjóra f. h. félagsins á bréf Al-

mars, þar sem beiðnin var samþykkt, og að lokum í athafnaleysi félagsins um langt skeið, eftir að það hafði fengið beiðnina; en athafnaleysið hafi falist í því, að félagið hafi hvorki tilkynnt öðrum hluthöfum formlega um yfirfærsluna né gert athugasemdir gagnvart hluthafanum Almari fyrr en eftir hinn ólögmeta félagsfund þremur mánuðum síðar. Samkvæmt þessu hafi yfirfærslan til Miðeyjar ehf. farið löglega fram, án þess að til forkaupsréttar hafi stofnast.

Í öðru lagi hafi ekki stofnast til forkaupsréttar félagsins og hluthafanna vegna eðlis beiðni Almars í bréfinu frá 21. ágúst 1997. Í bréfinu hafi Almar óskað eftir því, að hlutaféð yrði skráð á Miðey ehf., til að félagið gæti annast umsýslu með hlutafé hans í Lyfjabúðum ehf., og hafi það að sjálfsögðu verið gert á grundvelli fyrri ákvarðana í félaginu og í fullu samræmi við þær. Þannig hafi ekki verið um tilkynningu um tilboð í hlutina eða fyrirhugaða sölu þeirra að ræða, sem leitt gæti til þess, að til forkaupsréttar stofnaðist. Augljóst sé, að það hafi verið grundvallarforsendur beiðni Almars, að yfirfærslan færi fram, án þess að til forkaupsréttar stofnaðist. Hafi hann verið í góðri trú um þetta vegna undirritunar og samþykktar fyrrgreindrar tillögu í febrúar 1997, vegna staðfestingar stjórnar 15. ágúst 1997 og vegna áritunar framkvæmdastjórans á bréf hans, dags. 21. ágúst sl. Stjórn Lyfjabúða ehf. hafi vitað um þessa grundvallarforsendu og borið að tilkynna Almari, teldi hún yfirfærsluna stofna forkaupsrétt skv. 7. gr. samþykktanna, og gefa honum tækifæri til að endurskoða beiðni sína um skráningu hlutafjárins á Miðey ehf., enda væru grundvallarforsendur beiðninnar þá brotnar. Skriflegt samþykki framkvæmdastjóra félagsins, matsbeiðandans Guðmundar Reykjálín, við beiðninni hafi gert það sérstaklega nauðsynlegt að gefa Almari slíkt tækifæri, en Guðmundur hafi átt sæti í hinni ætluðu stjórn, sem tekið hafi beiðnina fyrir 21. nóvember 1997. Því hafi forkaupsréttur ekki getað stofnast á grundvelli beiðninnar einnar.

Í þriðja lagi sé ljóst, að enda þótt talið yrði þrátt fyrir framangreint, að til forkaupsréttar hefði getað stofnast vegna bréfs Almars frá 15. ágúst 1997, hefði aldrei komið til þess, þar sem tveggja mánaða frestur samkvæmt 7. gr. samþykktu Lyfjabúða ehf. og b-lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 138/1994, sbr. 3. mgr. 14. gr. laganna, hefði verið liðinn, er hin ætlaða stjórn félagsins, sem matsbeiðendur skipuðu, ákvað 21. nóvember 1997 að tilkynna hluthöfum um forkaupsrétt með vísan til 7. gr. samþykktu Lyfjabúða ehf. Almar Grímsson hafi komið fram sem hluthafi, er hann afhenti framkvæmdastjóra Lyfjabúða ehf., matsbeiðandanum Guðmundi Reykjálín, bréfið og fékk áritun hans á það. Eftir að Almar hafði tilkynnt framkvæmdastjóranum f. h. félagsins um yfirfærsluna, hafi hann ekki haft ástæðu til að taka málið

sérstaklega upp á stjórnarfundi, t. a. m. með því að boða til sérstaks stjórnarfundar eða með bókun á stjórnarfundi, þar sem allir hluthafar og hluthafafundur hefðu í lok febrúar s. á. samþykkt, að slík yfirfærsla kæmi til greina, þar sem stjórnin hefði sjálf sex dögum áður staðfest, að slík yfirfærsla gæti farið fram, og auk þess hefði framkvæmdastjóri félagsins samþykkt yfirfærslurnar með vísan til þessarar bókunar stjórnarinnar. Hvað sem því líði, hefði Almar sem hluthafi komið tilkynningunni með lögformlegum hætti til félagsins með því að afhenda hana framkvæmdastjóranum, matsbeiðandanum Guðmundi. Ef einhver ástæða hefði verið til þess, hefði framkvæmdastjóri sjálfur getað tekið tilkynninguna fyrir á stjórnarfundi. Hefði hann getað boðað til stjórnarfundar skv. 17. gr. samþykktu Lyfjabúða ehf. Það hefði verið á ábyrgð félagsins, en ekki Almars, að þetta var ekki gert. Fresturinn skv. 7. gr. samþykktu Lyfjabúða ehf. og b-lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 138/1994 hafi því byrjað að líða 21. ágúst 1997 og verið löngu liðinn 21. nóvember s. á.

Í fjórða lagi hafi ekki stofnast til forkaupsréttar félagsins og hluthafanna gagnvart þeim 6% aukahlut í Lyfjabúðum ehf., sem skráður var á Almar Grímsson, þegar af þeirri ástæðu, að aukahluturinn var í eigu Þórs Sigþórssonar, og hafi félaginu, hluthöfum þess og stjórn verið kunnugt um það. Þór Sigþórsson hefði 19. nóvember 1997, tveimur dögum áður en stjórn félagsins ákvað að tilkynna hluthöfum um forkaupsrétt, óskað eftir því með vísan til 7. gr. samþykktu Lyfjabúða ehf., að þessi aukahlutur yrði ásamt öðrum aukahlutum í eigu hans færður yfir á hans nafn. Hafi stjórn félagsins því einnig af þeirri ástæðu ekki verið heimilt að bjóða forkaupsrétt að þeim aukahlut Þórs, sem skráður hafði verið á Almar.

Þá beri að árétta, að Almar Grímsson hafi aldrei kynnt Grím Sæmundsen sem nýjan hluthafa fyrir hluthöfum í Lyfjabúðum ehf. Sérstaklega sé mótmælt sem örökstuddum og ósönnuðum fullyrðingum matsbeiðenda um, að aðalástæða þess, að Almar ákvað að segja sig úr stjórn félagsins frá og með hluthafafundinum 21. nóvember 1997, hafi verið sú, að hann hafi ekki verið meðal hluthafa, þar sem hann hafi kynnt Grím Sæmundsen sem nýjan hluthafa. Miðey ehf. hafi frá upphafi verið í eigu Almars Grímssonar og eiginkonu hans. Grímur Sæmundsen hafi eingöngu haft afskipti af málinu sem umboðsmaður Almars. Í greinargerð sinni fullyrði matsbeiðendur í fyrsta sinn í þeim málarekstri, sem á undan sé genginn, að tilgangur Almars með beiðni um yfirfærslu hluta sinna yfir á Miðey ehf. hafi verið að komast fram hjá forkaupsréttarákvæðum í samþykktum Lyfjabúða ehf., þar sem hann hafi ætlað að selja félagið öðrum. Þessari fullyrðingu sé mótmælt sem örökstuddri og ósannaðri.

Í matsbeiðni sé tekið fram, að óskað sé eftir dómkvaðningu matsmanna í samræmi við 7. gr. samþykktu Lyfjabúða ehf. og 4. mgr. 14. gr. laga nr. 138/1994. Matsþolar haldi því fram, að mat geti ekki farið fram á þessum grundvelli, nema fram hafi farið lögmæt beiting forkaupsréttar. Þar sem þetta eigi ekki við í þessu máli samkvæmt framansögðu, beri að hafna beiðni um dómkvaðningu matsmanna og vísa henni frá héraðsdómi.

Ákvæðum 7. gr. samþykktu Lyfjabúða ehf. og 4. mgr. 14. gr. laga nr. 138/1994 um mat á kaupverði í forkaupsréttarsambandi beri að beita, þegar beiting forkaupsréttar hafi farið fram, en ágreiningur komi upp um verð hlutanna. Mæli ákvæðin fyrir um, að mat, sem fram fari á grundvelli þeirra, sé bindandi fyrir aðila matsmálsins um kaupverð við beitingu forkaupsréttarins. Mat dómkvaddra matsmanna, sem fari fram á grundvelli sérreglunnar í 4. mgr. 14. gr. laga nr. 138/1994, megi bera undir dómstóla innan skamms lögákveðins frests, en ella geri ákvæðið ráð fyrir því, að aðilar verði að hlíta ákvörðun hinna dómkvöddu matsmanna. Sé dómkvaðning matsmanna samkvæmt þessari sérreglu þannig verulega frábrugðin almennum matsmálum með dómkvöddum matsmönnum. Telji matsþolar, að ekki sé rétt að fela dómkvöddum matsmönnum og eftir atvikum dómstólum að meta kaupverð í forkaupsréttarsambandi á grundvelli sárákvæðis, sem mæli fyrir um afbrigðilega, umfangsmikla meðferð matsmálsins, nema fyrir liggir, að um slíkt forkaupsréttarsamband sé að ræða. Benda matsþolar á, að ef slíkt matsmál væri rekið í óvissu um, hvort forkaupsréttarsamband væri til eða ekki, yrði matsþoli, sem vildi ekki hlíta ákvörðun dómkvaddra matsmanna, að hefja og reka sérstakt dómsmál um ákvörðun þeirra innan skamms frests án þess að vita, hvort hann hefði í raun einhverja efnislega hagsmuni af slíku dómsmáli. Hefji matsþoli ekki rekstur dómsmálsins innan lögákveðins frests, fyrirgeri hann hins vegar rétti til að bera matið síðar undir dómstóla. Auk þess væri þá sú óeðlilega niðurstaða upp komin, að matsþola væri lögum samkvæmt skylt að hlíta niðurstöðu hinna dómkvöddu matsmanna, án þess að fyrir lægi, hvort um forkaupsréttarsamband væri að ræða. Bendi matsþolar með skírskotun til þessa á það, að rétt sé að skera þegar í upphafi slíks matsmáls úr um, hvort forkaupsréttarsamband væri með mönnum.

Tilvísun matsbeiðenda til 77. gr. laga nr. 91/1991 í greinargerð sé mótmælt sem of seint fram kominni. Í sömu greinargerð lýsi matsbeiðendur yfir, að þeir hafi „engan áhuga á að greiða of lítið fyrir þá hluti, sem þeir telji sig hafa keypt, og vilji fá mat á sanngjörnu verði þeirra“. Almar Grímsson sé aðili að máli þessu og hafi mótmælt því, að dómkvaðningin nái fram að ganga. Þó að það verð, sem matsbeiðendur hafi geymslugreitt til Almars, sé

vissulega fjarri lagi og lágt, eigi hið umbeðna mat ekki að fara fram gegn vilja Almars, nema fyrir liggi, að lögmæt beiting forkaupsréttar hafi farið fram.

Miðey ehf. og Þór Sigþórsson séu matsþolar í máli þessu fyrir meðalgöngu og geri sömu kröfur og upphaflegir matsþolar með vísan til 20. gr. laga nr. 91/1991, enda skipti úrslit málsins þá verulegu máli að lögum. Almar Grímsson taki þátt í matsmáli þessu auk Miðeyjar ehf. til öryggis, ef talið yrði, að það hlutafé, sem skráð var á hann í hlutaskrá félagsins 1. september 1997, sé enn í eigu hans, en ekki Miðeyjar ehf., að frátöldum þeim auka-hlutum, sem Þór Sigþórsson hefur verið eigandi að og eigi nú að vera skráður fyrir innan félagsins. Miðey ehf. hafi augljósa hagsmuni af úrslitum málsins um forkaupsréttinn, sbr. fyrstu málsástæðu. Aðild Þórs Sigþórssonar sé reist á því, að hann sé eigandi fjórðungs þess hlutafjár, sem skráð hafi verið á Almar og matsbeiðendur vilji láta meta. Þátttaka Bessa Gíslasonar stafi af því, að matsbeiðendur hafi boðið honum að neyta forkaupsréttar gagnvart því hlutafé, sem matsbeiðendur vilji láta meta, og hafi Bessi, sem fyrr greinir, lýst yfir því, að hann neytti forkaupsréttar að því hlutafé, sem í boði sé, ef svo ólíklega vildi til, að forkaupsréttur teldist hafa stofnast.

V.

Eins og að framan greinir, lýtur krafa matsbeiðenda að því, að dómkvaddir verði tveir hæfir og óvilhallir menn til þess að meta hæfilegt kaupverð á hlutum, að nafnvirði 4.800.000 krónur, í Lyfjabúðum ehf., er voru í eigu matsþolans Almars Grímssonar, en Almar tilkynnti yfirfærslu að hlutum þessum með bréfi til félagsins, dagsettu 21. ágúst sl., og að nýr eigandi hlutanna væri Miðey ehf.

Almenn heimild til dómkvaðningar matsmanns eða matsmanna, þar sem um er að ræða lið í öflun sönnunargagna til undirbúnings málshöfðun, er í 77. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Matsbeiðni máls þessa byggist hins vegar á 4. mgr. 14. gr. laga nr. 138/1994, sbr. 7. gr. samþykktu Lyfjabúða ehf. Hér er um að ræða sérstakt lögbundið mat, þar sem matsþolar hafa þriggja mánaða frest til að bera mat hinna dómkvöddu matsmanna undir dómstóla, vilji þeir ekki hlíta því. Ber að fallast á það með matsþolunum, að skírskotun til 77. gr. laga nr. 91/1991 í greinargerð sé of seint fram komin og eigi ekki við í máli þessu. Verður afstaða til kröfunnar því einungis tekin á grundvelli 4. mgr. 14. gr. laga nr. 138/1994, sbr. 7. gr. samþykktu Lyfjabúða ehf.

Meðal gagna málsins er fundargerð frá hluthafafundi í Lyfjabúðum ehf., er haldinn var 20. febrúar 1997, þar sem borin var fram og samþykkt tillaga

um að auka hlutafé félagsins úr 9,5 milljónum króna í 20 milljónir króna. Á fylgiskjali með endurriti úr fundargerðabókinni kemur fram, að Almar Grímsson eigi hlutafé í félaginu, að fjárhæð 4,8 milljónir króna. Þá er einnig meðal gagna málsins fundargerð stjórnarfundar í sama einkahlutafélagi frá 15. ágúst sl. Í fundargerðinni er bókun tillaga, sem Almar Grímsson bar fram og er á þessa leið: „Með vísan til umræðu innan stjórnar og hluthafahóps Lyfjabúða ehf. staðfestir stjórnin, að hluthöfum, sem við stofnun félagsins skráðu hlut sinn í eigin nafni, sé heimilt að yfirfæra þann hlut á einkafyrirtæki sín.“ Tillagan var samþykkt.

Með bréfi því, sem áður er að vikið og dagsett er 21. ágúst s. á., tilkynnti matspolinn Almar framkvæmdastjóra félagsins, þ. e. matsbeiðandanum Guðmundi, að hann og kona sín hefðu stofnað einkahlutafélagið Miðey og að það myndi annast umsýslu með hlutafjáreign þeirra í Lyfjabúðum ehf. Á bréf þetta ritar framkvæmdastjóri Lyfjabúða ehf. yfirlýsingu þess efnis, að hlutafjáreignin sé skráð á ofangreint félag í bókum stjórnar Lyfjabúða ehf.

Það er álit dómsins, að í máli þessu hafi matspolar gert nægilega sennilegt, að staðið hafi verið með lögmætum hætti í skilningi IV. kafla laga nr. 138/1994 og 7. gr. samþykktu Lyfjabúða ehf. að yfirfærslu þeirra hluta í félaginu, sem voru í eigu matspolans Almars Grímssonar og nú er krafist, að dómkvaddir matsmenn meti til peningaverðs. Leiðir þetta til þeirrar niðurstöðu, að forkaupsréttur matsbeiðenda hafi ekki orðið virkur. Þegar framanritað er virt, er ljóst, að matsbeiðendur hafa ekki lögvarða hagsmuni af því, að dómkvaðning nái fram að ganga.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að synja ber kröfu matsbeiðenda um, að dómkvaddir verði tveir hæfir og óvilhallir menn til að meta hæfilegt kaupverð á hlutum, að nafnvirði 4.800.000 krónur, í Lyfjabúðum ehf., sem voru í eigu Almars Grímssonar og hann tilkynnti um eignayfirfærslu á frá sér til Miðeyjar ehf. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að matsbeiðendur greiði óskipt matspolum 80.000 krónur í málskostnað.

Júlíus B. Georgsson, settur héraðsdómari, kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Umbeðin dómkvaðning í málinu nr. M-8/1998 nær ekki fram að ganga.

Matsbeiðendur, Guðmundur Reykjálín, Haraldur Jóhannsson og Jóhannes Jónsson, greiði óskipt matspolum, Almari Grímssyni og Bessa Gíslasyni, og matspolum fyrir meðalgöngu, Miðey ehf. og Þór Sigþórssyni, 80.000 krónur í málskostnað.